

Skýrsla

frá utanríkisráðherra um sjálfstæði og fullveldi Palestínu, samkvæmt beiðni.

Skýrsla þessi er tekin saman að beiðni níu alþingismanna með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 54. gr. laga um þingsköp Alþingis, á þingskjali 580 - 510. mál og fjallar um hvernig stjórnvöld hafa sýnt í verki að Ísland viðurkenni sjálfstæði og fullveldi Palestínu. Er þó ekki farið yfir málaþingju Íslands í tengslum við yfirstandandi átök á Gaza, sem hefur ítrekað verið til umræðu á Alþingi.

Ísland viðurkennir Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan landamæra frá því fyrir sex daga stríðið árið 1967, á grundvelli ályktunar Alþingis frá 29. nóvember 2011. Stofnað var til stjórnmalasambands milli ríkjanna þann 15. desember sama ár sem felur í sér viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á sjálfstæði og fullveldi Palestínu.

Viðurkenning á fullveldi og sjálfstæði ríkja sem felst í stofnun stjórnmalasambands er varanleg og þarfnast ekki endurstaðfestingar. Þannig á Ísland í stjórnmalasambandi við fjölda ríkja sem lítil eða engin samskipti eru við að jafnaði, en stjórnmalasamband er fyrir hendi, komi upp tvíhliða málefni sem krefjast úrlausnar. Þá styrkir stjórnmalasambandið samráð og samstarf Íslands og Palestínu um málefni sem eru til umfjöllunar hjá alþjóðastofnunum.

Íslensk stjórnvöld hafa ræktað samband við palestínsku heimastjórnina eftir að til stjórnmalasambands var stofnað með reglubundnu stjórnmalasamráði og fundum ráðherra og embættismanna. Þá hafa íslensk stjórnvöld beitt sér fyrir tveggja ríkja lausninni, sem felur í sér málaþingju við fullveldi og sjálfstæði Palestínu, stutt aðild Palestínu að alþjóðastofnunum og -samningum, ítrekað gagnrýnt ólöglega landtöku Ísraels á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem og veitt þróunaraðstoð um árabí, eins og reifað er hér að neðan. Palestína sótti um aðild að Sameinuðu þjóðunum í september 2011 og hlaut áheyrnaraðild árið 2012. Ísland, eitt Evrópuríkja, var meðflytjandi að ályktun um áheyrnaraðildina sem samþykkt var með 138 atkvæðum gegn níu, og greiddu öll Norðurlöndin atkvæði með henni. Alls hafa 139 ríki viðurkennt Palestínu, sem sjálfstætt og fullvalda ríki, þ.e. rúmír tveir þriðju aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna.

1. Tvíhliða samskipti Íslands og Palestínu

Tveir sendiherrar hafa afhent trúnaðarbréf í Palestínu en utanríkisráðuneytið fer með fyrirvar gagnvart Palestínu samkvæmt forsetaúrskurði um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur.

Ísland og Palestína hafa átt reglulegt pólitískt samráð á grundvelli samkomulags þar um frá 2011. Síðasti samráðsfundur embættismanna ríkjanna fór fram í Reykjavík í desember 2022 með þátttöku Amal Jadou, aðstoðarevrópuráðherra Palestínu.

Sendiherra Palestínu gagnvart Íslandi situr í Osló og á í góðum samskiptum við utanríkisráðuneytið.

Utanríkisráðherrar ríkjanna hafa hist reglulega, nú síðast í Osló, þann 15. desember 2023, þegar Bjarni Benediktsson, utanríkisráðherra, átt fund með Riad Malki, utanríkisráðherra Palestínu, á hliðarlínu utanríkisráðherrafundar Norðurlandanna, Benelúx-ríkja og Araba- og múslimaríkja um átökin á Gaza. Þann 17. febrúar 2023 átti þáverandi utanríkisráðherra fund með Malki á hliðarlínu öryggisráðstefnunnar í München. Þar áður höfðu utanríkisráðherrafundir átt sér stað í febrúar 2017 og í maí 2016.

Þáverandi utanríkisráðherrar heimsóttu Palestínu í febrúar 2016 og júlí 2011, og utanríkisráðherra Palestínu var á Íslandi í desember 2011 þegar samningur um stjórn málasamband var undirritaður.

2. Þróunarsamvinna

Í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2024-2028 er lögð áframhaldandi áhersla á stuðning við palestínska flóttamenn og Palestínumenn á Vesturbakkanum og Gaza. Samstarf við Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) er þar sérstaklega tilgreint.

Ísland hefur um árabil stutt stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem starfa í Palestínu og veitt framlög til félagasamtaka með starfsemi á Vesturbakkanum og Gaza. Heildarframlög til Palestínu árið 2023 nema tæpum 425 m.kr. Stærstur hluti fer til Palestínuflóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) og annarra stofnana/sjóða Sameinuðu þjóðanna, en einnig eru framlög veitt til tveggja félagasamtaka. Þann 30. janúar sl. var tilkynnt að Ísland muni leggja framlög í sjóð á vegum Alþjóðabankans til næstu fimm ára sem styðja mun við enduruppbyggingu og endurreisn innviða í Palestínu, einkum á Gaza. Árleg framlög í sjóðinn munu nema 400 þúsund bandaríkjadöllum.

Ísland hefur fjármagnað að jafnaði eitt stöðugildi íslensks sérfræðings hjá Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) síðustu ár og er miðað við að hver sérfræðingur starfi þar í tvö ár. Stöðugildin og starfsstöðvarnar hafa verið breytilegar, Beirút, Amman eða Jerúsalem, og hafa tekið mið af þörfum stofnunarinnar og óskum Íslands. Síðast starfaði sérfræðingur á vegum Íslands á skrifstofu lagalegra málefna í Jerúsalem en lét af störfum um mitt ár 2023.

Palestína hefur verið áhersluland Jafnréttisskóla GRÓ, sem starfar undir merkjum UNESCO, allt frá fyrstu starfsárum skólans. Alls hafa 29 nemendur frá Palestínu lokið fimm mánaða diplómanámi í alþjóðlegum jafnréttisfræðum frá Jafnréttisskólanum frá árinu 2010. Samstarfsstofnun Jafnréttisskólans í Palestínu er Birzeit-háskóli.

3. Alþjóðastofnanir

Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York og fastanefnd Íslands í Genf á vettvangi mannréttindaráðsins bera hitann og þungann af málafylgju Íslands um málefni Palestínu. Utanríkisráðherrar Íslands hafa jafnframt vakið athygli á málefnum Palestínu í ræðum sínum í allsherjarþinginu, nú síðast árið 2023.

Ísland studdi m.a. aðild Palestínu að Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) árið 2011 og styður almennt aðild Palestínu að alþjóðastofnunum, þ.m.t. Sameinuðu þjóðunum ef til þess kæmi, til samræmis við viðurkenningu Íslands á sjálfstæði ríkisins.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York samþykkir um fimmtán reglulegar ályktanir um málefni Palestínu og starfsemi Palestínuflóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna, sem ýmist eru samþykktar á hverju ári eða annað hvert ár. Gott samráð er meðal Norðurlandanna og líkt þenkjandi ríkja um þessar ályktanir.

Ísland tók um árabíl þátt í reglulegum opnum umræðum öryggisráðsins um málefni Mið-Austurlanda, m.a. málefni Palestínu.

Ísland hefur tekið til máls um málefni Palestínu þegar sérstakir fundir hafa verið haldnir í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, annars vegar í maí 2018 í kjölfar mikils mannfalls í röðum Palestínumanna við landamæri Gaza og Ísraels vegna mótmæla, og hins vegar í mars 2019 þegar skýrsla vegna sömu atburða var lögð fram.

Á meðan á setu Íslands í mannréttindaráðinu stóð, frá 2018 til 2019, hafði Ísland kosningarétt um ályktanir þess. Ísland greiddi atkvæði með ályktunum sem snertu sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna, fordæmingu á landtöku Ísraels, og mannréttindaástand á Vesturbakkanum, þ.m.t. Austur-Jerúsalem. Ísland sat hjá í atkvæðagreiðslu um ályktun um gerð skýrslu um mótmælin á Gaza 2018 þar sem jafnvægi vantaði í texta ályktunarinnar, einkum er laut að ábyrgð hryðjuverkasamtakanna Hamas, og var afstaða Íslands áréttuð í atkvæðaskýringu í marslotu ráðsins 2019. Þar var einnig áhyggjum Íslands lýst yfir niðurstöðum skýrslu sérstakrar rannsóknarnefndar vegna aðgerða Ísraelshers vorið 2018 þegar tugir Palestínumanna féllu í aðgerðum hersins á landamærunum að Gaza í kjölfar mótmælaaðgerða þar. Sjá nánar í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn af Alþingi frá Rósu Björk Brynjólfsdóttur, þskj. 2085 - 907. mál.

Rúmum áratug áður en Ísland viðurkenndi sjálfstæði Palestínu, undirrituðu EFTA-ríkin: þ.e. Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, fríverslunarsamning við Frelssamtök Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu 30. nóvember 1998 og tók samningurinn gildi 1. júlí 1999. Á þeim tíma var samningurinn hliðstæður öðrum fríverslunarsamningum sem EFTA hafði gert. Fulltrúar EFTA-ríkjanna og Palestínu hafa nokkrum sinnum fundað um framkvæmd fríverslunarsamningsins, m.a. með það fyrir augum að uppfæra skuldbindingar og ívilnanir er varða landbúnaðarvörur. Samkvæmt vef Hagstofunnar eru engin viðskipti á milli Íslands og Palestínu.